

JÁKVÆÐ SÁLFRÆÐI

- diplómanám á meistarastigi

Markmið diplómanáms í jákvæðri sálfræði er að kynna hugmyndafræði og nálgun jákvæðrar sálfræði þannig að nemendur geti nýtt sér hana bæði í einkalífi og starfi.

Námið er þverfaglegt og getur nýst öllum þeim sem vinna með mannlega hegðun - þeim sem vilja hafa áhrif á fólk, nærumhverfi og samfélagið í heild eða taka áskorun um frekari þroska og leggja sig fram um að njóta lífsins til hins ítrasta.

FYRIR HVERJA

Námið er ætlað einstaklingum sem lokið hafa þriggja ára grunnmenntun á háskólastigi eða sambærilegri menntun. Námið getur nýst öllum áhugasömum um jákvæða sálfræði, ekki síst fagfólki sem starfar við eða hefur áhuga á að efla sig á sviði stjórnunar, kennslu, náms- og starfsráðgjafar, sálfræðipjónustu, lýðheilsu og annarrar heilbrigðis- og félagsþjónustu.

KENNSLA/UMSJÓN

Kennarar eru bæði innlendir og erlendir háskólakennarar og aðrir sérfræðingar á fræðasviðinu. Kennslustjóri námsins er Dóra Guðrún Guðmundsdóttir, sálfræðingur, sviðstjóri hjá Embætti landlæknis og forseti evrópusamtaka um jákvæða sálfræði www.enpp.eu.

FYRIRKOMULAG

Námið tekur eitt ár og er skipulagt í reglulegum námslotum. Það hefst haustið 2019 og lýkur vorið 2020. Ekki verður um val milli námskeiða að ræða og allir nemendur fylgja sama skipulagi.

Námið samanstendur af sex fimm daga lotum, frá mánudegi til föstudags með viðveru frá kl. 9:00 – 16:00. Lotur eru í september, október, nóvember, janúar, febrúar og mars, auk opins málpings í maí 2020.

VERÐ

990.000 kr.

Mörg stéttarfélög veita styrki til náms.

Námið er lánshæft fyrir skólagjöldum og framfærslu hjá LÍN og skólagjöldum og framfærslu hjá Framtíðinni námslánasjóði.

UMSÓKNARFRESTUR

TIL 5. JÚNÍ 2019

KYNNINGARFUNDUR

8. MAÍ KL. 18:00

DUNHAGA 7

Skráning á endurmenntun.is

eða í síma 525 4444

NÁMS- OG STARFSRÁÐGJAFI

Hjá Endurmenntun starfar náms- og starfsráðgjafi sem veitir aðstoð við námsval.

Viðtalstímar alla virka daga frá

kl. 9:30 til 11:30

VERKEFNASTJÓRI

Elín Júlíana Sveinsdóttir

netfang: elins@hi.is

sími: 525-5296

Elín er með viðtalstíma alla virka daga frá kl. 9:30 til 11:30

**NÁNARI UPPLÝSINGAR Á
ENDURMENNTUN.IS EÐA
Í SÍMA 525 4444**